



# ÞJÓÐGARÐAR OG ATVINNA

## STAÐA FERÐAÞJÓNUSTU VIÐ ÞJÓÐGARÐANA VIÐ JÖKULSÁRGLJÚFUR OG SKAFTAFELL

LOKASKÝRSLA TIL  
NÝSKÖPUNARSJÓÐS NÁMSMANNA

SEPTEMBER 2006

September 2006

Lokaskýrsla verkefnis sem styrkt er af  
Nýsköpunarsjóði námsmanna

Forsíðumyndir:

Linda Margrét Sigurðardóttir  
Tekið af síðu Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is)

Höfundur skýrslu:

Linda Margrét Sigurðardóttir

Umsjón verkefnis:

Þekkingarsetur Þingeyinga  
Óli Halldórsson

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>1</b>
<b>I ÞJÓÐGARÐAR</b> .....	<b>2</b>
I.1 ÞJÓÐGARÐURINN Í SKAFTAFELLI.....	2
I.2 ÞJÓÐGARÐURINN JÖKULSÁRGLJÚFRUM .....	2
<b>II FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR Í NÁGRENNI VIÐ ÞJÓÐGARÐINN Í SKAFTAFELLI</b> .....	<b>4</b>
II.1 SVÍNAFELL .....	4
II.2 LITLA HOF – GISTING FERÐAÞJÓNUSTA BÆNDA .....	4
II.3 FROST OG FUNI GISTIHEIMILI .....	4
II.4 BÖLTI .....	5
II.5 VESTURHÚS, HOFI ÖRÆFUM.....	5
II.6 HÓTEL SKAFTAFELL.....	5
<b>III AFÞREYING VIÐ ÞJÓÐGARÐINN Í SKAFTAFELLI</b> .....	<b>6</b>
<b>IV FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR Í NÁGRENNI VIÐ ÞJÓÐGARÐINN JÖKULSÁRGLJÚFRUM</b> .....	<b>7</b>
IV.1 SKÚLAGARÐUR.....	7
IV.2 KELDUNES .....	7
IV.3 FERÐAÞJÓNUSTAN HÓLI .....	7
IV.4 GISTIHEIMILIÐ LUNDUR .....	8
IV.5 FARFUGLAHEIMILIÐ KÓPASKERI.....	8
IV.6 VERSLUNIN ÁSBYRGI .....	8
IV.7 VERSLUNIN BAKKI .....	8
<b>V AFÞREYING Í KRINGUM ÞJÓÐGARÐINN JÖKULSÁRGLJÚFRUM</b> .....	<b>9</b>
<b>VI NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>10</b>
<b>VII HUGMYNDIR UM AFÞREYINGU Í ÖXARFIRÐI OG KELDUHVERFI</b> .....	<b>13</b>
<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>15</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>16</b>

## I Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um ferðapjónustu og afþreyingu sem boðið er upp á í kringum þjóðgarðinn Jökulsárgljúfrum og þjóðgarðinn í Skaftafelli. Skýrslan er samstarfsverkefni höfundar, Þekkingarseturs Þingeyinga og Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Skýrslan var unnin af Lindu Margréti Sigurðardóttur sumarið 2006.

Eitt helsta markmiðið með þessari skýrslu er að skoða hvernig heimamenn í Þingeyjarsýslu nýta sér þjóðgarðinn Jökulsárgljúfrum til ný- og atvinnusköpunar. Til að nálgast þetta markmið var ákveðið að bera uppbyggingu og starfsemi ferðapjónustu og afþreyingar við þjóðgarðinn Jökulsárgljúfrum saman við sömu þætti í þjóðgarðinum í Skaftafelli.

Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum var stofnaður árið 1973. Um 100 þúsund gestir eru taldir heimsækja þjóðgarðinn ár hvert<sup>1</sup> en þrátt fyrir það hefur uppbygging innviða í ferðapjónustu í tengslum við þjóðgarðinn verið takmörkuð á svæðinu. Ekkert hótél er í Keldunes- eða Öxarfjarðarhreppi og verslun, veitingasala, minjagripaþróun og –sala og afþreying hefur verið í lágmarki.

Við þjóðgarðinn í Skaftafelli hefur myndast töluvert umfangsmikil ferðapjónusta og atvinnusköpun af ýmsu tagi skapast í tengslum við þjóðgarðinn.

Þegar lagt var upp með þessa skýrslu var ljóst að það þyrfti að setja rannsóknarsvæðinu einhver mörk. Ákveðið var að taka fyrir svæði sem næði til 30 km radíus í kringum hvorn þjóðgarðanna tveggja og skoða þá gistimöguleika og afþreyingu sem þar er boðið upp á.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangi er fjallað um *þjóðgarðana*. Þar á eftir er sagt frá *ferðapjónustuaðilum og afþreyingu í nágrenni við þjóðgarðinn í Skaftafelli*. Því næst er sagt frá *ferðapjónustu og afþreyingu í nágrenni við þjóðgarðinn Jökulsárgljúfrum*. Áður en að lokaorðum kemur eru settar fram hugmyndir um mögulega afþreyingu í tengslum við þjóðgarðinn Jökulsárgljúfrum.

---

<sup>1</sup> Rögnvaldur Guðmundsson. (2004). *Ferðamenn í þjóðgarðinum Jökulsárgljúfrum 2002-2003*.

## II Þjóðgarðar

Samkvæmt lögum um náttúruvernd eru þjóðgarðar stofnaðir á landsvæði sem talið er sérstætt um "... landslag eða lífríki eða á því hvíli söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það ...".<sup>2</sup> Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis svo að ekkert spillist sem og að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.<sup>3</sup> Þjóðgarðar Íslands eru nú orðnir fjórir talsins, þ.e. við Jökulsárgljúfur, Skaftafell, Þingvelli og Snæfellsjökul.

Umfjöllunarefni þessarar skýrslu er, eins og áður hefur verið rakið, Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfur, en Þjóðgarðurinn í Skaftafelli er tekinn til skoðunar og samanburðar. Ekki verður því fjallað hér um aðra þjóðgarða en þessa tvo.

### II.1 Þjóðgarðurinn í Skaftafelli

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli var stofnaður 15. september 1967 og var þá um 500 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Þjóðgarðurinn var stækkaður 27. júní 1984 og fór þá upp í 1700 km<sup>2</sup>. Þann 28. október 2004 var garðurinn enn stækkaður og er nú orðinn 4.807 km<sup>2</sup>. Eftir stækkunina eru um 2/3 af Vatnajökli innan þjóðgarðsins. Skaftafellsland er mótað af rofi jökla og vatns. Skriðjökklar setja mikinn svip á landið sem og jökulsár sem frá þeim renna. Skeiðará er mest þeirra og var hún brúuð árið 1974. Skaftafell var stórbýli og voru þar þrír bæir um tíma en nú er búið í Bólta og Hæðum en Sel fór í eyði 1946. Í þjóðgarðinum er rúmgott tjaldsvæði með sérstök svæði fyrir húsbíla og fellihýsi. Bæjarstaðaskógur er ein af perlum þjóðgarðsins en hann er hávaxnasti birkiskógur landsins. Svartifoss er einnig vinsæll staður, umgjörð fossins er einstök en þar er að sjá óvenjulega reglulega bergstuðla sem hafa myndast við hæga kólnun hraunlags.<sup>4</sup>

Í þjóðgarðinum eru upplýsingarmiðstöð, lítil verslun og gestastofa, en í henni er sögu- og náttúrusýning með almennri fræðslu um jökla og eldfjöll og einnig um séreinkenni þjóðgarðsins.<sup>5</sup>

### II.2 Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfur

Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfur var stofnaður árið 1973 og nær hann með Jökulsá að vestan, frá Dettifossi að þjóðvegi 85 og er flatamál hans um það bil 120 km<sup>2</sup>.

<sup>2</sup> Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd, 1. mgr. 51. gr.

<sup>3</sup> Lög nr. 44/1999, 1. gr.

<sup>4</sup> Stefán Benediktsson. (2006).

<sup>5</sup> Umhverfisstofnun. (e.d.) *Þjónusta við ferðamenn*.

Markmið með stofnun þjóðgarðsins var meðal annars að vernda gljúfur Jökulsár á Fjöllum og umhverfi þeirra og veita almenningi aðgang að honum með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar eru til að tryggja verndun hans.

Jökulsárgljúfur eru ein stærstu og hrikalegustu gljúfur landsins. Stórkostlegt umhverfi Jökulsárgljúfra er mótað af vatni, eldi og ís. Gífurleg hamfarahlaup eru talin hafa myndað og mótað meðal annars ýmis gljúfur og byrgi. Frægust þeirra er Ásbyrgi. Ábyrgi er stórbrotið náttúrufyribæri, hamraveggirnir eru um 100 m háir þar sem þeir eru hæstir. Mikill birkiskógur er í Ásbyrgi en Ásbyrgi er í eigu Skógræktar ríkisins. Nokkrir fossar eru í Gljúfrunum og er Dettifoss þeirra mestur. Hann er 44 m. hár og er talinn vera aflmesti foss í Evrópu.<sup>6</sup>



Mynd 1 Jökulsárgljúfur. Ljósmynd:Linda M Sigurðard.

Einn af vinsælustu stöðum þjóðgarðarins eru Hljóðaklettur en þeir eru innviðir fornra eldstöðva sem Jökulsá á Fjöllum hefur sópað öllu lausa gosefninu í burtu en litlu norðar standa Rauðhólar sem eru hinir upprunalegu gjallgígar.

Í Ásbyrgi er stórt tjaldsvæði og er þar aðstaða fyrir húsbíla og fellihýsi, einnig er tjaldsvæði í Vesturdal en fyrst og fremst fyrir tjöld. Lítið tjaldsvæði er við Dettifoss að vestan, sérstaklega ætlað göngufólki.<sup>7</sup>

<sup>6</sup> Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórssón. (1984). Bls.59-60.

<sup>7</sup> Umhverfisstofnun. (e.d.) *Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum*.

### III Ferðapjónustuaðilar í nágrenni við þjóðgarðinn í Skaftafelli

#### III.1 Svínafell

Svínafellsjörðin er þrískipt og er bæði ferðapjónusta og búskapur stunduð á staðnum. Þar er sundlaug sem var byggð árið 1994 og er vatnið í hana hitað upp með sorpofni sveitarinnar. Eftir byggingu laugarinnar byrjaði ferðamennska á Svínafelli. Nú er þar svefnpokapláss fyrir 30 manns. Þar er einnig tjaldsvæði en þvottaaðstaða, eldunaraðstaða og salerni eru í sérhúsi. Gestgjafinn er skólastjóri og er fædd og uppalin í sveitinni en hún og maðurinn hennar komu árið 1980 til að setjast að í Öræfum. Bæði voru þau sammála um að ef þau hefðu ekki byrjað á ferðapjónustunni þá hefðu þau að öllum líkindum flutt í burt.

Hjá þeim störfuðu 4 til 6 manns í sumar þar af er 1 erlendur starfsmaður en vegna þess hversu snemma íslenskir skólar byrja þurftu þau að hafa einn erlendan starfsmann, annað starfsfólkið eru heimamenn.

Opnunartími sundlaugarinnar er 20 maí til 1 september, en þá fer ruslið minnkandi og þar af leiðandi heita vatnið í sundlauginu einnig.<sup>8</sup>

#### III.2 Litla Hof – gisting ferðapjónusta bænda

Ferðapjónusta hefur verið starfrækt í 14 ár að Litla Hofi. Þar eru nú 14 rúm og 6 svefnpokapláss. Handlaug er inn á herbergjunum. Morgunmat er innifalinn en einnig er hægt að fá kvöldmat. Eldunaraðstaða er til staðar fyrir hluta af herbergjunum. Sonur hjónanna er tekinn við búskapnum en þau byrjuðu með ferðapjónustuna sem aukabúgrein með búskapnum. Það starfa 2 einstaklingar við ferðapjónustuna yfir mesta annatíma á sumrin, báðir heimamenn, þar er opið allt árið en aðeins 1 starfar yfir veturinn. Mikill hluti þeirra sem nýta sér þjónustuna á Litla Hofi eru göngufólk sem eru á leiðinni upp á Hvannadalshnjúk.<sup>9</sup>

#### III.3 Frost og funi gistiheimili

Frost og funi gistiheimili hefur verið starfrækt í 5 ár að Hofi í Öræfum. Á gistiheimilinu Frost og funi eru 60 gistiþláss. Þar eru 21 herbergi, öll með vaski en aðeins 1 herbergi með baði, einungis er boðið upp á uppábúin rúm. Boðið er upp á morgunmat og kvöldmat fyrir gesti. Vínveitingarleyfi er á staðnum.

Á gistiheimilinu störfuðu 6 manns í sumar en enginn þeirra er heimamaður, þar er opið frá 20. maí til 5. september.<sup>10</sup>

<sup>8</sup> Pálína Þorsteinsdóttir. (munnleg heimild, 5. júlí 2006).

<sup>9</sup> Guðbjörg Magnúsdóttir. (munnleg heimild, 5. júlí 2006).

<sup>10</sup> Umsjónarmenn Frost og funa. (munnleg heimild, 5. júlí 2006).

### **III.4 Böldi**

Ferðapjónusta í Böldi hefur verið rekin síðan 1968. Þegar Skaftafell varð að þjóðgarði þurftu hjónin að hætta með búskap og varð það ofan á að byrja í ferðapjónustu enda eru þau á besta stað í þjóðgarðinum. Í dag er boðið upp á svefnpokapláss í tveimur smáhýsum sem hvort um sig rúma 6 manns og uppábúin rúm eru 6. Boðið er upp á morgunmat. Í Böldi starfar 1 starfmaður við ferðapjónustuna allt árið.<sup>11</sup>

### **III.5 Vesturhús, Hofi Öræfum**

Ferðapjónusta í Vesturhúsum hófst árið 2005 og er því lítil reynsla komin. Þar geta 20 manns gist í svefnpokapláss og er eldunaraðstaða og sturta til staðar. Þar störfuðu 2 einstaklingar að meðaltali í sumar.<sup>12</sup>

### **III.6 Hótel Skaftafell**

Hótel Skaftafell var stofnað árið 1989 en árið áður var byrjað á heimagistingu í Freysnesi. Sumarið 2006 störfuðu um 30-35 manns við hótelið en þar af voru 10 heimamenn. Frá árinu 1989 hefur hótelið stækkað jafnt og þétt og nú er gisting í 63 herbergjum en í þeim eru 122 rúm, öll herbergin eru með sturtu, sjónvarpi og síma. Einnig eru 23 herbergi fyrir starfsfólk. Veitingasalur hótelsins tekur um 100 manns og er einungis ætlaður gestum hótelsins. Í Hótel Skaftafelli er einnig salur sem rúmar um 100 manns, upplagt fyrir ráðstefnur og bar með setustofu. Opnunartími hótelsins er 1. febrúar til 31. október.

Söluskálinn í Freysnesi er stutt frá hótelinu en eigendur hótelsins reka hann einnig. Þar er selt eldsneyti en þar er einnig fjölbreytt vöruúrval. Yfir sumartímann er boðið upp á léttar veitingar og eru sæti fyrir um 50 manns. Utan opnunartíma er hægt að fá eldsneyti í gegnum kortasjálfsala.<sup>13</sup>

<sup>11</sup> Guðveig Bjarnadóttir. (munnleg heimild, 5 júlí 2006).

<sup>12</sup> Gestgjafar Vesturhúsa. (munnleg heimild, 5. júlí 2006).

<sup>13</sup> Anna María Ragnarsdóttir. (munnleg heimild, 5. júlí 2006).



#### IV Afþreying við Þjóðgarðinn í Skaftafelli

- *Útsýnisflug* yfir Þjóðgarðinn, flogið frá Skaftafellsflugvelli, einnig hægt að fljúga frá Reykjavík. Atlantsflug sími 478-2406, Heimasíða: [www.jorvik.is](http://www.jorvik.is) e-mail - [info@jorvik.is](mailto:info@jorvik.is)
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn eru með þrennskonar *jökлагönguferðir*, farið er frá Skaftafellsþjóðgarði. Einnig er hægt að fara í *ísklifur*. Heimasíða: [www.mountainguide.is](http://www.mountainguide.is) e-mail: [mountainguide@mountainguide.is](mailto:mountainguide@mountainguide.is)
- *Sundlaug* er í Svínafelli, svokölluð Flosalaug, einnig eru þar 2 heitir pottar. Sundlaugin er um 8 km frá Skaftafelli.
- Frá Hofsnesi sem er um 25 km frá Skaftafelli eru farnar *jöklaferðir* með leiðsögn allt árið, þaðan er einnig *farið út í Ingólfshöfða* en þangað er farið í heyvögnum aftan í dráttavélum. Mikið fuglalíf er í höfðanum. Öræfaferðir á Hofsnesi sjá um þessar ferðir. Heimasíða: [www.hofsnes.com](http://www.hofsnes.com)

## V Ferðaþjónustuaðilar í nágrenni við þjóðgarðinn Jökulsárgljúfrum

### V.1 Skúlagarður

Í Skúlagarði, Kelduhverfi, hefur lengi verið stafrækt ferðaþjónusta. Um er að ræða félagsheimili í eigu sveitarfélagsins en þar eru rúm fyrir 40 manns og pláss fyrir 10-20 manns á dýnum ef svo ber undir. Sameiginlegar sturtur, eldunaraðstaða og nettenging eru til staðar fyrir gesti. Einnig er hægt að leigja litla íbúð. Í Skúlagarði er stór veitingarsalur þar sem má halda veislur og ráðstefnur. Sumarið 2006 var boðið upp á fjölbreyttan matseðil en nánast allur matur var fenginn úr sveitinni þar sem meðal annars var boðið upp á lífrænt ræktað lambakjöt. Vínveitingarleyfi er á staðnum.

Sumarið 2006 voru 3 í fullu starfi þar af var 1 erlendur starfsmaður sem kom í gegnum Nordjob en 1 manneskja var í hálf dagsstarfi. Sumarið 2006 var gestum boðið að fara í hellaskoðun með leiðsögn. Það er opið allt árið í Skúlagarði.<sup>14</sup>

### V.2 Keldunes

Gistihúsið í Keldunesi var fyrst rekið sumarið 2003, en gestgjafinn vildi skapa sér atvinnu heima við. Þar er boðið upp á rúm fyrir 12 manns en hvert herbergi er með handlaug. Í húsinu er einnig stór setustofa, eldunaraðstaða, þvottahús, sturtur, nettenging og heitur pottur er á staðnum.

Einnig er boðið upp á gistingu í tveimur smáhýsum en í hvoru smáhýsi geta þrír til fjórir gist. Þar eru sturta, sjónvarp og eldunaraðstaða.

Boðið hefur verið upp á stangveiði í Skjálftavatni en þó ekki sumarið 2006. Einnig er boðið upp á bæði gæsa- og rjúpnaveiði. Í sumar starfaði 1 manneskja við Gistihúsið.<sup>15</sup>

### V.3 Ferðaþjónustan Hóli

Á Hóli hefur verið rekin bændagisting frá árinu 1987 og er þar gistirými fyrir 12 manns í uppabúnum rúnum. Morgun- og kvöldmatur eru í boði ef óskað er. Í sumar voru 3 til 4 sem störfuðu við ferðaþjónustuna að hluta með öðrum störfum á búinu og hestaleigu sem einnig er rekin þar en hún hefur verið stafrækt síðan 1985. Að auki er boðið upp á gæsaveiði.<sup>16</sup>

<sup>14</sup> Ólöf Sveinsdóttir. (munnleg heimild, 24. ágúst 2006).

<sup>15</sup> Bára Siguróladóttir. (munnleg heimild, 24. júlí 2006).

<sup>16</sup> Kristinn Rúnar Tryggvason. (munnleg heimild, 24. júlí 2006).

#### **V.4 Gistiheimilið Lundur**

Í Lundi í Öxarfirði hefur ferðapjónusta verið stunduð um árabíl. Um er að ræða skólamannvirki í eigu sveitarfélagsins sem leigð hafa verið út til fjölskyldureksturs. Í Lundi er boðið upp á 40-60 svefnpokapláss og 25 uppábúin rúm. Handlaugar eru í flestum herbergjum. Boðið er upp á fjölbreyttan matseðill og er vínveitingarleyfi á staðnum. Flestir gestirnir voru í skipulögðum rútuferðum með leiðsögn. Við Gistiheimilið störfuðu 6 manns í sumar en enginn heimamaður var í þeim hópi. Lundur var opinn frá 10. júní til 18. ágúst en opnunartíminn ræðst af því að í Lundi er rekinn grunnskóli.<sup>17</sup>

#### **V.5 Farfuglaheimilið Kópaskeri**

Árið 2001 var byrjað með farfuglaheimili á Kópaskeri, þá var íbúðarhús aðlagð að þörfum gesta þess. Í því húsi eru 5 herbergi með aðgangi að eldhúsi og snyrtingu og er pláss fyrir fjórtán manns þar. Einnig er farfuglaheimilið starfrækt í gamla hótelinu á Kópaskeri en þar geta um tíu manns gist. Boðið er upp á morgunmat ef þess er óskað og er þvottaaðstaða á staðnum. Farfuglaheimilinu sinnir 1 starfsmaður og er opið þar frá 1. maí til 31. október, annars eftir samkomulagi.<sup>18</sup>

#### **V.6 Verslunin Ásbyrgi**

Verslunin, í því formi sem hún er í dag, var rekin fyrst árið 1990. Verslunin er með helstu nauðsynjar fyrir ferðamenn, meðal annars matvörur, olíuvörur, grillvörur og gasáfyllingar. Þar er einnig veitingastofa fyrir 60 manns og er boðið upp á allskyns rétti. Við verslunina er einnig eldsneytissala.

Í sumar störfuðu alls 8 manns í versluninni, þar af voru 4 heimamenn. Opnunartíminn í sumar var frá 1. júní til 3. september en vetraropnunin er 4 tímar á hverjum föstudegi.<sup>19</sup>

#### **V.7 Verslunin Bakki**

Verslunin Bakki á Kópaskeri hefur verið rekin af núverandi eigendum síðan árið 1999. Í Bakka eru seldar matvörur, drykkir og sælgæti, olíuvörur, gasáfyllingar og þar er eldsneytissala. Einnig er boðið upp á léttar veitingar.

Bakki er opinn allt árið um kring. Þar eru 2 og 1/2 stöðugildi og þar starfa eingöngu heimamenn.

Þá hafa eigendur Bakka einnig 2 íbúðir til leigu fyrir ferðamenn.

<sup>17</sup> Guðný Anna Ríkharðsdóttir. (munnleg heimild, 23. júlí 2006).

<sup>18</sup> Benedikt Björgvinsson. (munnleg heimild, 23. júlí 2006).

<sup>19</sup> Ísak Sigurgeirsson. (munnleg heimild, 24. júlí 2006).

## VI Afþreying í kringum Þjóðgarðinn Jökulsárgljúfrum

- *Sundlaugin* í Lundi. Lundur er 8 km frá Þjóðgarðinum og þar er sundlaug og heitur pottur. Opnunartími yfir hásumarið.
- *Golfvöllur* í mynni Ásbyrgi. 9 holu golfvöllur í umsjá Golfklúbbsins Gljúfra. Einnig er þar skemmtilegur 18 holu náttúrulegur púttvöllur. Golfkylfuleiga og nánari upplýsingar í Versluninni Ásbyrgi.
- *Púttvöllur* á Kópaskeri. Hægt er að leigja kylfur í Versluninni Bakka á Kópaskeri 30 km frá Þjóðgarðinum.
- *Hestaleigan* á Hóli. Hóll er um 8 km frá Þjóðgarðinum. Opið eftir samkomulagi.
- Hægt er að komast í *stangveiði* á nokkrum stöðum í nágrenni við Þjóðgarðinn meðal annars í Litluá og Brunná, einnig er hægt að fara í *gæsa-og rjúpnaveiði* til dæmis á Hóli og í Keldunesi.
- *Bóka- og byggðasafn*. Bóka- og byggðasafn Norður Þingeyinga er mjög áhugavert safn og er það staðsett við Kópasker, sem er um 30 kílómetra frá Þjóðgarðinum. Safnið er opið frá 10. júní til 31. ágúst. Heimasíða: [www.islandia.is/boknord](http://www.islandia.is/boknord)


## VII Niðurstöður

Í þessum kafla hafa verið teknar saman upplýsingar um gistirými í kringum þjóðgarðinn í Skaftafelli annars vegar og svo í kringum þjóðgarðinn Jökulsárgljúfur.<sup>20</sup>

Tafla 1 Samanburður á fjölda gistirýma sumarið 2006

Skaftafell				Jökulsárgljúfur			
	Svefn poka pláss	Uppá búin rúm	Samtals		Svefn poka pláss	Uppá búin rúm	Samtals
Svínafell	30		30	Skúlagarður	15	40	55
Litla-Hof	6	14	20	Keldunes		20	20
Frost og Funi		60	60	Hóll		12	12
Bölti	12	6	18	Lundur	50	25	75
Vesturhús	20		20	Farfuglaheimili	24		24
Hótel Skaftafell		122	122				
<b>Samtals</b>	<b>68</b>	<b>202</b>	<b>270</b>	<b>Samtals</b>	<b>89</b>	<b>97</b>	<b>186</b>

Mynd 1 Samanburður á fjölda gistirýma sumarið 2006



Eins og sést á töflu 1 og mynd 1 hér að ofan þá eru 270 gistirými í kringum Skaftafell en 186 í kringum Jökulsárgljúfur. Þess ber að geta að við Skaftafell er hótel sem rúmar 122 einstaklinga og þar eru öll herbergi með baði en við Jökulsárgljúfur er

<sup>20</sup> Skv. þeim forsendum sem kynntar voru í upphafi, starfsemi í 30 km radius frá þjóðgarðsmörkum.


hvergi boðið upp á slíkt. Munurinn á fjölda uppabúinna rúma skýrist af því að hótél skuli vera starfrækt við Skaftafell. Eins og fram hefur komið er svæðið sem skoðað var í um það bil 30 km radíus frá Þjóðgördunum. Hér verður að hafa í huga að aðeins er byggð austan við Skaftafell. Með tilliti til þess er rannsóknarsvæðið við Jökulsárgljúfur stærra.

Í töflu 2 og á mynd 2 að neðan eru tekin saman þau störf sem tengjast eingöngu gistingu á svæðunum, eins og sjá má er töluverður munur hér á. Hér er eingöngu verið að tala um störf sumarið 2006. Í kringum Skaftafell eru um 49 störf en við Jökulsárgljúfur erum um 21,5 störf. 35% af störfunum í kringum Skaftafell eru unnin af heimamönnum en rétt tæplega 50% í kringum Jökulsárgljúfur.

Tafla 2 Samanburður á fjölda starfa við gistingu sumarið 2006

Skaftafell				Jökulsárgljúfur			
	Heima- menn	Aðkomu- menn	Samtals		Heima- menn	Aðkomu- menn	Samtals
Svínafell	4	1	5	Skúlagarður	2,5	1	3,5
Litla-Hof	2		2	Keldunes	1		1
Frost og Funi		6	6	Hóll	2		2
Bölti	1		1	Lundur		6	6
Vesturhús		2	2	Akurgerði	1		1
Hótél Skaftafell	10	23	33	Verslunin Ásbyrgi	4	4	8
Samtals	17	32	49	Samtals	10,5	11	21,5

Mynd 2 Samanburður á fjölda starfa við gistingu sumarið 2006



Tafla 3 sýnir mannfjölda eftir sveitafélögum. Þjóðgarðurinn í Skaftafelli var í Hofshreppi sem var sameignaður Sveitarfélaginu Hornafirði þegar það var stofnað árið 1998. Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum var í Kelduneshreppi en hann er nýbúinn að sameinast ásamt Öxarfjarðarhreppi og fleiri sveitafélögum í Norðurþing. Eins og sjá má var mannfjöldi í Hofshreppi og Kelduneshreppi svipaður en taka verður inn í dæmið að Öxarfjarðarhreppur liggur við Jökulsárgljúfur og helmingur af því svæði sem skoðað var er innan hans. Af þessu má sjá að talsvert fleiri eru búsettir í kringum þjóðgarðinn Jökulsárgljúfrum en í kringum þjóðgarðinn í Skaftafelli.

**Tafla 3 Mannfjöldi eftir sveitafélögum (1994-2004) - tölur frá Hagstofunni**

	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994
<b>Öxarfjarðarhreppur</b>	333	343	344	353	355	378	377	395	404	402	385
<b>Kelduneshreppur</b>	103	103	102	98	99	94	93	100	106	109	109
<b>Sveitarfélag Hornafjörður</b>	2230	2305	2332	2336	2370	2408	2447				
<b>Hofshreppur</b>								109	108	114	117

## VIII Hugmyndir um afþreyingu í Öxarfirði og Kelduhverfi

Með hliðsjón af þeim samanburði sem gerður er hér að framan og aðstæðum umhverfis þjóðgarðinn Jökulsárgljúfrum er ljóst að hægt væri að þróa við þjóðgarðinn ýmsar nýjar hugmyndir um afþreyingu og þjónustu.

Að neðan eru nefndar nokkrar hugmyndir:

- **Hellaskoðunarferðir í Kelduhverfi**
  - Í Kelduhverfi eru lítt þekktir hellar sem skemmtilegt er að skoða. Hægt væri að bjóða upp á skipulagðar gönguferðir eða hestaferðir þangað.
- **Bátaleiga:**
  - Bjóða upp á siglingar á kajak á Skjálftavatni og tjörnunum við Kópasker. Þannig má fá fjölbreyttari sýn á dýralíf á láði og legi eða bregða á leik. Fyrir þá sem kjósa frekar að hafa vélarafli mætti bjóða upp á sjóþotur.
- **Selaskoðun:**
  - Mikil mergð sela er í látrinu í Jökulsá á Fjöllum og er stórkostlegt að skoða selina þar.
- **Hestaferðir:**
  - Upplagt væri að skipuleggja stuttar hestaferðir upp með Jökulsánni að austan. Þar eru einstakar náttúruperlur eins og Gloppa, Hallhöfði, Hafurstaðavatn og svo mætti lengi telja. Einnig er þar gott útsýni yfir í Þjóðgarðinn.
- **Fuglaskoðunarferðir:**
  - Fuglaflóra svæðisins er einstök. Uppi hafa verið hugmyndir um fuglaskoðunarhús.
- **Veði:**
  - Því má skipta annars vegar í veiði á sjó og hins vegar á landi. Hugsanlegt er að nýta mætti betur vötnin á Melrakkaslétu til tómstundaveiða í samvinnu við landeigendur. Sama má segja um fuglaveiði á svæðinu, bæði gæsa- og rjúpnaveiði. Einnig má skoða hvort raunhæft sé að stunda sjóstangaveiði og veiði á sjófuglum.
- **Bátsferðir:**
  - Athyglisvert væri að bjóða upp á þann möguleika að fara með fólk að heimsskautsbaugnum og afhenda vottorð þar um. Skoða seli og fugla, til dæmis sjá súlurnar í Rauðanúpi.
- **Flúðasiglingar:**
  - Það hafa verið uppi hugmyndir um að bjóða upp á siglingar niður Jökulsá og hefur sá möguleiki eitthvað verið kannaður. Gaman væri ef þetta yrði að veruleika og myndu ferðirnar auka þann fjölbreytileika í afþreyingu sem svæðið hefur upp á að bjóða.
- **Klettaklifur/sig**
  - Margir hafa ánægju af klifuríþróttum og gaman væri að bjóða upp á þann möguleika hér í þessu fagra umhverfi.



- *Hjólaleiga*
  - Auðvelt og ódýrt í framkvæmd. Tilvalin leið til að njóta kyrrðar í skógivöxnu umhverfi svæðisins.
- *Skipulagðar gönguferðir*
  - Boðið er upp á skipulagðar gönguferðir innan Þjóðgarðsins en hægt væri að útvíkka það til dæmis upp á Rauðanúp og fleiri áhugaverða staði.
- *Námsskeið:*
  - Áhugavert væri að setja á fót námskeið um náttúrufar Þjóðgarðsins, t.d. í samstarfi þjóðgarðsyfirvalda og Þekkingarseturs Þingeyinga. Þar yrði farið yfir sögu hans og myndun. Mikil vakning hefur verið í náttúruvitund þjóðarinnar samfara Kárahnjúkavirkjun.

## Lokaorð

Eitt helsta markmiðið með þessari skýrslu var að skoða hvernig heimamenn í Norður-Þingeyjarsýslu nýta sér þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum til ný- og atvinnusköpunar. Til samanburðar var horft til uppbyggingar á innviðum ferðaþjónustu í kringum þjóðgarðinn í Skaftafelli.

Það er ein af niðurstöðum þessarar úttektar að heimamenn í Norður-Þingeyjarsýslu hafa nýtt sér þjóðgarðinn í takmörkuðum mæli miðað við þau tækifæri sem bjóðast. Nánast eingöngu hefur verið boðið upp á gistirými og hefur framboð á því verið frekar einhæft. Helsti munur á framboði gistirýmis milli þjóðgarðanna tveggja liggur í því að við Skaftafellsþjóðgarð er rekið hótél með öllum nútíma þægindum.

Einnig er mjög takmarkað framboð afþreyingar á svæðinu. Sú afþreying sem var í boði sumarið 2006 samanstóð nánast eingöngu af golfi og náttúruskoðun í formi gönguleiða bæði innan og utan þjóðgarðsins. Sundlaugin í Lundi hefur upp á takmarkaða aðstöðu að bjóða og var með frekar takmarkaðan opnunartíma. Byggðasafn Norður Þingeyinga hefur ekki náð til ferðamannastraumsins um þjóðgarðinn að miklu leyti og hefði safnið getað verið betur nýtt. Með aukinni afþreyingu koma ferðamenn til með að dvelja lengur á svæðinu og er því nauðsynlegt að koma upp fjölbreyttara formi afþreyingar fyrir ferðafólk á svæðinu við þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum.

Með opnun Gljúfrastofu í Ásbyrgi árið 2007 opnast nýir möguleikar. Eitt af því sem er skoðandi að gera er að sveitarfélagið Norðurþing komi sér upp starfskrafti í Gljúfrastofu. Starfið myndi felast í því að veita upplýsingar um möguleika svæðisins (fyrir utan þjóðgarðinn) fyrir ferðamenn. Með því móti væri hægt að aðstoða heimamenn við að koma upplýsingum um þjónustu á framfæri til ferðamanna.

Auglýsa þarf svæðið mun betur og þá möguleika sem í boði eru. Til þess mætti nýta veraldarvefinn mikið betur.

Svæðið umhverfis þjóðgarðinn Jökulsárgljúfrum er einstakt og þar er blómlegt mannlíf sem vert er að státa sig af. Heimamenn hafa gert margt gott í sambandi við ferðaþjónustu á síðustu árum en til að ná á næsta plan þarf að stíga mun stærri skref í afþreyingu og gistimöguleikum á svæðinu en gert hefur verið hingað til.

## Heimildaskrá

Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir sveitarfélögum (1994-2004) - tölur frá Hagstofunni. Sótt þann 2. september 2006 af <http://www.hagstofa.is>

Rögvaldur Guðmundsson. (2004). Ferðamenn í þjóðgarðinum Jökulsárgljúfrum 2002-2003. Reykjavík.

Stefán Benediktsson. (2006). *Skaftafellsþjóðgarður*, bæklingur. Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun. (e.d.) *Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum*. Sótt þann 6. september 2006 af <http://www.ust.is/Natturuvernd/Thjodgardar/Jokulsargljufur>

Umhverfisstofnun. (e.d.) *Þjónusta við ferðamenn*. Sótt þann 6. september 2006 af <http://www.ust.is/Natturuvernd/Thjodgardar/Skaftafell/thjonustavidferdamenn/>

Þorsteinn Jóseppson og Steindór Steindórsson. (1984). *Landið þitt Ísland*. 1. bindi. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

### Munnlegar heimildir:

Anna María Ragnarsdóttir. 5. júlí 2006.

Bára Siguróladóttir. 24. júlí 2006.

Benedikt Björgvinsson. 23. júlí 2006.

Gestgjafar Vesturhúsa. 5. júlí 2006.

Guðbjörg Magnúsdóttir. 5. júlí 2006.

Guðný Anna Ríkharðsdóttir. 23. júlí 2006.

Guðveig Bjarnadóttir. 5. júlí 2006.

Ísak Sigurgeirsson. 24. júlí 2006.

Kristinn Rúnar Tryggvason. 24. júlí 2006.

Ólöf Sveinsdóttir. 24. ágúst 2006.

Pálína Þorsteinsdóttir. 5. júlí 2006.

Umsjónarmenn Frost og funa. 5. júlí 2006.